

Aðalfundur Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

8. nóvember 2010 á Kaffi Sólun, Reykjavík

Mættir voru 19 félagsmenn. Skráðir félagar SFH eru nú 109. Þeim hefur fjölgað um 60% frá síðasta aðalfundi, og um 120% frá því SFH var stofnað uppúr LHM í árslok 2008.

Fundarmenn kynntu sig og greindu frá sinni aðkomu að frumkvöðlastarfi. Margir þeirra vinna að verkefnum á sviði nýsköpunar, sumir gamlir í hettunni; sumir sögðust vera með hugmyndir, en aðrir eru í félaginu sem áhugamenn um nýsköpun og vilja fylgjast með.

Gísli formaður setti fundinn og stýrði honum en Valdimar ritaði fundargerð. Lög félagsins voru lögð fram og skráningarlisti látinn ganga.

- Skýrsla stjórnar.** Gísli fór yfir helstu viðfangsefni stjórnarinnar frá síðasta aðalfundi. Haldnir hafa verið 6 stjórnarfundir og hér verða nefndir nokkrir punktar úr starfseminni: Sett var upp heimasíðan www.nyhugmynd.com. Júlíus Valsson sá um uppsetningu og vistun en ritari aðstoðaði við textagerð. Auglýst var um tíma með stuttum auglýsingum á Rúv, og fjölgaði félögum í kjölfar þess. Gerður var borði til notkunar á kynningum. Formaður og ritari mættu í spjallþátt Elinóru á ÍNN, en þáttur hennar hefur verið mikilvægur vettvangur til kynningar á nýsköpun. Stjórn hefur rætt þörf þess að koma á virkri ráðgjafabjónustu SFH þannig að mismunandi sérhæfing og þekking félagsmanna gæti nýst þeim sem á þurfa að halda. SFH kynnti starfsemi sína á opnum degi að Ásbrú. Sett var upp sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur með verkum nokkurra félagsmanna og um leið haldið málþing um starfsumhverfi nýsköpunar. SFH tekur þátt í samstarfi nokkurra áhugafélaga á sviði frumkvöðlaeflingar (SFH, KVENN, ÁTAK, FÍKNF) um að koma á árlegum viðburði, nokkurskonar „nýtækniþingi“ sem yrði öðrum þræði sýning á íslenskri nýsköpun og hinsvegar ráðstefna á vegum félaganna. Fjárveiting liggur fyrir í fyrsta viðburðinn, en ekki varð af honum á þessu ári. Stjórn SFH hefur lagt sig fram um að gera tillögur í stjórnkerfinu um breytingar á starfsumhverfi frumkvöðla. Skilað var inn tillögu varðandi nýja vísinda og tæknistefnu stjórnvalda; gerð breytingatillaga við nýja byggðastefnu sem liggur fyrir Alþingi; gerðar breytingatillögur við lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og fulltrúar SFH sátu í undirbúningshópi vegna Sóknaráætlunar 20/20. Þá hafa stjórnarmenn nokkrum sinnum mætt á fundi þingnefnda. Á síðasta stjórnarfundum SFH var ákveðið að framvegis yrðu stjórnarfundir mánaðarlega; fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl 20.00.
- Fjárhagur.** Elinóra lagði fram yfirlit um fjárhaginn en Eggert gjaldkeri er erlendis. Sjóður er lítill; um 133.000 og fjárhagslegt svigrúm því nánast ekkert. Allt starf fyrir félagið er unnið í sjálfboðavinnu stjórnarmanna og hafa þeir að auki lagt fé úr eigin vasa til greiðslu kostnaðar. Á fundi stjórnarmanna með fjárlaganefnd Alþingis hvatti þá v. form. nefndarinnar til þess að SFH leggði fram umsókn, og var núna sótt um 1.000.000 króna. Niðurstaða af því liggur ekki fyrir.
- Lög félagsins.** Fram kom tillaga um breytingu á 6.gr laganna, og felst hún í því að fjölga varamönnum úr 2 í 3. Tillagan var samþykkt einróma og breytingin staðfest, þar sem 2/3 greiddra atkvæða nægir til lagabreytinga skv. lögnum.
- Kosning stjórnar.** Gísli formaður kom með tillögu um að stjórn yrði þannig skipuð: Aðalmenn; Elinóra Sigurðardóttir; Valdimar Össurason og Sighvatur Lárusson; Varamenn; Gísli Gíslason, Eggert Ólafsson og Róbert Rósmann. Þessi tillaga var

samþykkt samhljóða. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum. Skv. lögum félagsins eru aðal- og varamenn boðaðir á stjórnarfundum.

5. **Önnur mál.** Mikil og almenn umræða varð undir þessum lið. Fundarmenn tóku flestir til máls og rætt var óformlega en þó skipulega. Komið var inná mjög mörg mál sem snerta frumkvöðlastarfsemi og félagsstarfið. Sumir söknuðu þess að sjá ekki fleiri konur á fundinum og spurt var hvort rétt væri að íhuga samruna eða nánara samstarf SFH og KVENN, en þar er þó þegar mjög góð samvinna. Óvenju mikið var um ungt fólk á fundinum, sem verður að teljast mjög jákvæð þróun. Komu fram áhugaverðar hugmyndir hjá þeim, t.d. varðandi möguleika á því að efla áhuga ungs fólks og nýnema á samstarfi um nýsköpun. Rætt var hvernig unnt væri að koma á markvissri miðlun þekkingar innan félagsins. Augljóst fyrsta skref í því er að fá haldbetri upplýsingar um vilja, getu, reynslu og sérþekkingu hvers félagsmanns, og mun stjórn senda út fyrirspurnir í því efni. Þá var rætt um að kanna hvort unnt væri að fá nemendur skólanna til liðs varðandi ráðgjafastarf, og sem dæmi nefnd lögfræðiaðstoð Órators. Spurning hvort viðskiptafræðingar vildu taka upp sama hátt og aðstoða við gerð viðskiptaáætlana o.fl. Rætt var um einkaleyfi og nauðsyn þess að trúnaðar yrði gætt þegar aðstoð er veitt. Fram komu nokkuð mismunandi viðhorf á gildi einkaleyfa. Starfsumhverfi nýsköpunar var til umræðu að venju, og enn á ný komu fram dæmi um hve það er gallað; þungt í vöfum; vinni á margan hátt óeðlilega og margir sögðu að þeir væru vel birgir af synjunarbréfum um styrki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands fékk mikinn skerf af þessari gagnrýni. Þó voru menn sammála um nauðsyn þess að vinna sem best með þessu gallaða kerfi, en leita um leið allra leiða og nýta vægi félagsins til að koma fram nauðsynlegum úrbótum. Ljóst er að SFH er nú að öðlast slíkt vægi með hinni öru fjölgun félagsmanna og markvissu starfi. Fleira var ekki gert, og fundi slitið. Að loknum formlegum fundi kynntu Sigtryggur og Gísli sitt nýsköpunarstarf með myndasýningu, en þeir vinna að undirbúningi rafbílavæðingar landsins.

Valdimar Össurason, fundarritari